

— **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um sameiningu 2 þjóðjarða.** — Eptir að hafa með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, frá 31. f. m. meðtekið ítarlegri skýringar viðvíkjandi sameiningu umboðsjarðanna Borgar og Kelduholts í Mýrahreppi í Austur-Skaptafellssýslu vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda það, er nú segir: 8. apr.

Í skýrslu umboðsmanns Bjarnanessumboðs frá 25. jan. 1878 er það lagt til, að goldin verði eptir Borg auk leigna af 1 kúgildi 70 álna landsskuld eptir meðalverði allra meðalverða, og að landsskuldin af Kelduholti verði 35 álnir, og fjellst hlutaðeigandi sýslunefnd og amtsráð á þessar tillögur. Í fardögum 1880 losnaði nú Kelduholt úr byggingu, og með því að það þótti tvísýnt, hvort nokkur fullveðja maður fengist á jörðina; en bóndinn á Borg hafði sótt eptir að fá hana leigða með sinni jörð fyrir 30 álna eptirgjald, samþykktu þjer, að landsskuldin yrði færð þannig niður, og hefir nú bæði hreppsnefndin í Mýrahreppi og sýslunefndin í Austur-Skaptafellssýslu lagt það til, að hinar nefndu jarðir verði sameinaðar fyrir fullt og allt; og leggur hreppsnefndin til, að landsskuldin af hinni sameinuðu jörð verði 50 álnir; en sýslunefndin stingur upp á 90 álna landsskuld, og tilgreina báðar nefndirnar þá ástæðu fyrir þessari tillögu sinni, að jarðirnar gangi árlega af sjer sökum jökulhlaupa.

Hin nefnda skýrsla umboðsmannsins sýnir nú, að allar jarðir þær, er í umboðinu eru, liggja undir áföllum, og með því, að ekki hafa komið fram áreiðanlegar sannanir fyrir því, að jarðir þær, er hjer ræðir um, hafi orðið fyrir meiri skemmdum, en ráð má fyrir gjöra, get jeg ekki, fyrr en útsjeð er um, að ábúandi geti fengizt að Kelduholti með leigumála þeim, er áður hefir verið á jörðunni, sbr. ráðgjafabjef 25. maí 1880 (stjórnartíð. s. á. B. 89), samþykkt að leigumálinn verði lækkaður á þann hátt, sem stungið er upp á. Hinsvegar vil jeg, þar sem það virðist haganlegra fyrir landssjóðinn, að fá auk kúgildisleigna 70 álna landsskuld af Borg eptir meðalverði allra meðalverða, en þá landsskuld, sem nú er goldin, og þar sem bæði hreppsnefnd og sýslunefnd hafa mælt fram með, að jörðin Kelduholt verði lögð undir hana, samþykkja þetta, ef bóndinn á Borg tekur nýja byggingu á hinni sameinuðu jörð og skuldbindur sig til að greiða samkvæmt greindum tillögum frá 1878 100 álna landsskuld af hinni sameinuðu jörð auk leigna af einu kúgildi.

Ef gengið er að þessum kjörum, má fella niður húsin á Kelduholti gegn því, að andvirði þeirra með ofanálagi verði greitt í umboðssjóðinn; en þyki kjör þessi ekki aðgengileg, skal sem fyrst auglýsa jörðina Kelduholt til byggingar frá fardögum 1883 samkvæmt fyrirmælum ráðgjafabjefs 25. maí 1880 (stjórnartíð. B. 89). En það er vitaskuld, að það verður að sitja við ráðstöfun þá, er þjer hafið gjört á jörðunni til fardaga 1882 eða lengur, ef þörf gjörist.

— **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um sveitarútsvar.** — Með brjefi dags. 20. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi frá 31. desbr. f. á., þar sem bæjarstjórnin á Ísafirði áfrýjar til landshöfðingja úrskurði yðar, herra amtmaður, frá 24. ágúst 1881 um það, hvort frú Karenu, sem er eiginkona Stefáns sýslumanns Bjarnarsonar, en hefir fjárhag aðskilinn frá manni sínum, beri að greiða það 20 króna aukútsvar til bæjarsjóðs Ísafjarðar-kaupstaðar, sem henni var gjört að greiða með niðurjöfnun fyrir fardagaárið 1879—80. Þjer hafið látið fylgja endurrit af tjeðum úrskurði yðar, og hin eldri gögn þessa máls. Hafið þjer og tekið 71 14. apr.